



Ský – Skýrslutæknifélag Íslands 2013 Réttur til að vita ...

Ráðstefna 27. september, Hilton Hotel Nordica Reykjavík, kl. 12-14
„Réttur til að vita ...“

Mat borgaranna: Af hverju leyna stjórnvöld
upplýsingum sem eiga erindi við almenning?

Jóhanna Gunnlaugsdóttir MSc (Econ), PhD, prófessor í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum við Háskóla Íslands



Yfirlit

- Aðferðafræði rannsókna
- Helstu niðurstöður
- Tengd fræði
- Samantekt og lokaorð



Markmið könnunarinnar ^{1/2}

- Að kanna hug þjóðarinnar til upplýsingagjafar stjórnvalda
 - Hvort svarendur teldu að stjórnvöld leyndu mikilvægum upplýsingum sem ættu erindi við almenning
 - almannahagsmunir
 - opinber útgjöld
 - sæu stjórnvöld ástæður til þess
 - Af hverju?



Markmið könnunarinnar ^{1/2}

- Hvort **stjórnvöld í raun leyni** almenningi upplýsingum eða hvort skortur á upplýsingagjöf kunni að hafa verið ómeðvitaður af opinberri hálfu er aftur á móti **utan ramma þessarar rannsóknar**



Samvinna við
Félagsvísindastofnun Háskóla
Íslands

Framkvæmd og heimtur:

Upplýsingasöfnun	15.03.12 -16.04.12
Framkvæmdarmáti	Netkönnun
Fjöldi í úrtaki	1898
Fjöldi svarenda	1270
Svarhlutfall	66,91%



Er upplýsingum leynt? Viðhorf svarenda í hnotskurn

Stjórnvald	Almannahagsmunir		Opinber útgjöld	
	Oft/stundum	Sjaldan/aldrei	Oft/stundum	Sjaldan/aldrei
Ríkisstjórn	90%	11% (9%/2%)	81%	19% (15%/4%)
Ráðuneyti	88%	12% (10%/2%)	82%	18% (15%/3%)
Sveitarfélög/stofnanir	78%	22% (20%/2%)	75%	25% (22%/3%)
Þjónustustofnanir ríkis	76%	24% (21%/3%)	73%	27% (22%/4%)
Eftirlitsstofnanir ríkis	80%	20% (18%/2%)	71%	29% (23%/5%)



Afstaða svarenda m.t.t. stjórnmalaskoðana um viðhorf til upplýsingaleyndar ríkisstjórnar

Stjórmaflakkur	Almannahagsmunir	Almannahagsmunir	Opinber útgjöld	Opinber útgjöld
	Oft/stundum	Sjaldan/aldrei	Oft/stundum	Sjaldan/aldrei
Framsóknarflokkur	93% (57%, 36%)	7%	84% (54%, 30%)	16%
Sjálfstæðisflokkur	96% (59%, 37%)	4%	87% (54%, 33%)	13%
Samfylkingin	74% (20%, 54%)	26%	69% (17%, 52%)	31%
Vinstri græn	74% (18%, 56%)	26%	64% (13%, 51%)	36%



Opin spurning: Almannahagsmunir

- Hverjar telur þú vera meginástæður þess að opinberir aðilar leyni upplýsingum sem eiga erindi við almenning
– og varða almannahagsmuni (umhverfis-, velferðar-, heilbrigðis- og menntamál)?



Upplýsingar um almannahagsmunir

- Meginhluti svara (um 90%) fól í sér neikvætt viðhorf til stjórnvalda og rætt var um ástæður leyndarinnar, svo sem:
- „... klíkutengsl og eiginhagsmunapot“; „... of nán tengsl eru milli fjármálaelítunnar og stjórnámálanna sem eru almennt í engum tengslum við líf hins almenna borgara“
- „Spilling er ráðandi og almannahagsmunir fara ekki saman við hagsmuni þeirra sem ráða“
- „Stundum eru mikilvægir hagsmunir í húfi sem koma í veg fyrir upplýsingagjöf“; „... eftirlitsstofnanir breiða yfir klúður, umhverfismál, eins og sannaðist hér um daginn þegar kom í ljós að áburður stóðst ekki gæðakröfur og því var sópað undir borðið“
- Að almenningur „þurfi ekki að vita“; „... vilja verja eigin hagsmuni eða ákveðins hóps“; „... treysta almenningi ekki til að taka skynsamlegar ákvarðanir og hunsu þannig að þjóðin er alls ekki illa menntuð“



Opin spurning: Opinber útgjöld

- Hverjar telur þú vera meginástæður þess að opinberir aðilar leyni upplýsingum sem eiga erindi við almenning (skattgreiðendur)
 - og varða opinber útgjöld, þ.e. úthlutun á almannafé (styrki og fjárveitingar, verksamninga til opinberra verkefna o.þ.h.)?



Upplýsingar um opinber útgjöld

- Langflest svör við spurningunni (um 90%) höfðu að geyma neikvætt viðhorf til stjórnvalda – opinberun tiltekinna upplýsinga um mál sem vörðuðu opinber útgjöld sköðuðu stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila að sögn svarenda
- „Treysta almenningi ekki til að hafa vit á verkefnum og í hvað peningurinn fer“; „... leynd því að áætlanir standast ekki ... hvað gert er við peninginn“; „... fela að einstöku úthlutanir á almannafé megi flokka undir pólitíska bitlinga“; „... vilja ekki að almenningur viti hvernig er farið með skattféð“; „... halda að almenningur eyðileggi plön, þau vilja vinna sín verk í friði“; „... oft er verið að hygla vinum og vandamönnum með styrkjum, verksamningum og fleiru ... en almenningur vill ekki heyra meira af einkavinaráðningum og einkafjárveitingum“



Tengd rannsóknarefni

- **Traust** til stjórnvalda með tilliti til gegnsæis og upplýsingagjafar
- Áhrif **upplýsingalaga** á gegnsæi, upplýsingagjöf og traust
- Í tengslum við þessa rannsókn þótti því áhugavert að skoða rannsóknir og heimildir um þetta efni
- Fræðimenn hafa haldið því fram að gegnsæi og bætt upplýsingagjöf feli í sér aukið **traust**
- Þeir álita að aukið traust tengist gegnsæi og bættri upplýsingagjöf og forsendur gegnsæis sé að finna í **upplýsingalögum** (Grimmelikhuijsen, 2011)
- Ýmsir eru þeirrar skoðunar að upplýsingar séu uppspretta lýðræðis (Relly og Sabharwal, 2009)



Fræðimenn og gegnsæi

- Styr hefur staðið um það meðal fræðimanna hvort aukið **gegn**sæi dragi úr vantrausti en það hefur farið vaxandi í garð stjórnvalda um fjögurra áratuga skeið eins og kannanir sýna
 - (Pew Research Center for the People and the Press; European Values Study; Capacent Gallup; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands)
- Efasemdarmenn telja að aukið **gegn**sæi gæti leitt til þess að spilling og mistök kæmu einatt upp á yfirborðið sem leiddi til aukins vantrausts
- Aukið **gegn**sæi kynni að leiða til þess að pólitísk hneykslismál, blekkingar og mistök yrðu gerð opinber sem hefði í för með sér ásakanir í garð stjórnvalda (Roberts, 2005; Worthy, 2010)
- Aukin **upplýsingagjöf** gæti sýnt fram á getuleysi eða takmarkanir til lausna á viðfangsefnum og þess vegna dregið úr traustinu (Cook, 2010)



Fræðimenn og upplýsingalög

- **Upplýsingalög** kynnu að vera áhrifarík ógnun við valdið sem leyndarhyggjunni fylgir
 - Það myndi fara fyrir lítið við gegnsæi og opna stjórnslu
- Leyndarhyggjan kynni jafnvel að aukast með tilkomu **upplýsingalaga** og hægt væri að komast hjá því að gera mál opinber með því að forðast skjalfestingu þeirra og skráningu (Worthy, 2010)
- Við gildistöku **upplýsingalaga** gæti ótti við upplýsingaleka leitt til ónógrar skjalfestingar og þess að skjöl yrðu síður mynduð (Tough, 2011)



Samantekt og lokaorð

- Meginþorri almennings taldi stjórnvöld leynd upplýsingum sem vörðuðu almannahagsmuni og opinber útgjöld – og almenningur hafði svör við ástæðum þess
- Rannsókninni var ætlað að kanna viðhorf borgaranna til upplýsingagjafar stjórnvalda en hún sýnir ekki hvernig upplýsingagjöfinni er háttað í raun og veru
- Það er áhyggjuefni að meginþorri almennings sé þeirrar skoðunar að stjórnvöld sitji á upplýsingum
- Áhugavert væri að skoða síðar hvort viðhorf almennings breytist eftir stjórnarskiptin 2013 en marktæður munur var á afstöðu svarenda m.t.t. stjórnsmálaskoðana